

eins og fleiri linguað vestr um haf inn í þjóðlíf hinna frjálsu Ameríku. Eg hugsaði hálf í hvoru þá, að eg myndi nú aldrei framar eiga neitt við vatnsveitingar meðal mínar eigin þjóðflokks, bjóst ekki meira en svo við, að það ætti framar fyrir mér að liggja, að leita að vöðum yfir íslenskar jökulsár eða að svamla yfir þær hálf-syndandi. Eg var að nafninu orðinn prestur nokkrum árum áður en eg fór til Ameríku, svo ungr þá, að eg þurfti að sækja um konunglegt vígsluleyfi. En eg hálf-hræddist það, að verða prestur, og sérstaklega að verða prestur á Íslandi. Og svo átti eg nálega ekkert við það starf, heldur tók til að kenna unglingum bæði í latínuskólanum íslenska, og annars staðar, allt þar til eg fór af landi burt. Í Bandaríkjunum meðal Norðmanna stóð til að eg færi að vinna í prestlegri stöðu. En — eg ætla að áraða að segja það — forsjóum stýrði því svo, að það varð ekki, og eg skildi það atvik svo þá, að eg ætti aldrei við prestskap að eiga. Eg gat átt við andlegar vatnsveitingar þótt ekki yrði eg prestur. Að minnska kosti gat eg hugsað um slíkar vatnsveitingar og kynnt mér hina andlegu strauma í hinu amerikanska þjóðlífi. Eg var nánast kennslu, ritstöfum og blaðstjórn. Tímarnir liðu. Íslendingar voru nánast hófum saman að slytja sig til Vestheims. Þessi Nýja Íslands nýlenda hér í skógunum og myrunum við vestrströnd Winnipeg-vatns — langt burtu frá öllum menntaðra manna byggðum — var orðin til, og var þá að ganga í gegnu um hörmunga-

td stns frumþýlingsskapar. En að eg færi nú að vinna ofr-lítið að andlegum vatnsveitingum meðal mínar eigin landa þarna norðr í byggðunum, hugsaði eg. Og svo var eg af leiðandi mönnum þeirra beðinn að koma í þessu skyni, og svo gat eg ekki annað en komið. Og svo var eg, þvert á móti því, sem eg hafði búið til, orðinn íslenskur prestur á ný. Út úr neyð mínar eigin landa lenti eg aftur inn í íslenskum prestskap. Eg vissi nú í raun og veru, að eg var ekki góður í vötnum, mjög lítt hæfur til þess að fara að eiga við íslenskar vatnsföll eða íslenskar vatnsveitingar, sérstaklega þær, sem beinast liggja fyrir þeim, sem kallaðr er til þess að vera prestur. En eg trúði því þá, að þetta væri vilji guðlegrar forsjónar, og eg trúir því enn, að svo hafi verið. Hin íslenska vatnsveitinga-náttúra rak á eftir mér. Hún flutti mig inn í íslenska þjóðlífið aftur, hvað mest, ef til vill, til þess að sannfæra mig um, hve lítið eg nú eiginlega dygði til þess að vinna að því, sem eg þó alltaf í aðra rúndina tel mér trú um að eg hafi einna helst verið skapaðr til, gjöra mér það áþreifanlegt, að eg væri alls ekki góður í vötnum, að eg væri helst bráðnýtr vatnsveitingamaðr. Nú, en spursmálið er reyndar alls ekki um það, hvort eg dugi eða ekki. Spursmálið er ekki heldur um það, hvort þjóðlífinu íslenska beggja megin Atlantshafs sé þörf á andlegum vatnsveitingum. Það kemr líklega öllum Íslendingum, sem nokkuð hugsa, saman um. En spurs-